

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

229. FUNDUR.

229. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 16. janúar 2014 kl. 13:00 í fundarsal Ráðhússins.

Oddviti setti fund.

Mætt undirrituð. Oddviti óskaði eftir að taka á dagskrá undir 3. lið fundargerð 145. fundar fræðsluráðs, undir 4. lið fundargerð 15. fundar ungmennaráðs, kosningar verði færðar á lið 5 og greinargerðir aðila vegna auglýsingar um framleiðslu skólamáltíða og rekstur veitingastaðar á Hvammstanga undir lið 6. Skýrsla sveitarstjóra verði færð undir lið 7. Samþykkt með 7 atkvæðum.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð byggðarráðs. Formaður kynnti.

Fundargerð 817. fundar frá 30. desember sl. Fundargerð í 3 liðum Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

2. Fundargerð skipulags- og umhverfisaráðs. Oddviti kynnti.

Fundargerð 231. fundar frá 2. janúar sl. Fundargerð í 2 liðum. 1. liður borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum. 2. liður fundargerðarinnar var afgreiddur á 228. fundi sveitarstjórnar.

3. Fundargerð fræðsluráðs. Oddviti kynnti.

Fundargerð 145. fundar frá 15. janúar sl. Fundargerð í 2 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

4. Fundargerð ungmennaráðs. Oddviti kynnti.

Fundargerð 15. fundar frá 13. janúar sl. Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

5. Kosningar

Lögð fram eftirfarandi tillaga.

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að kjósa Sigurð Þór Ágústsson sem aðalmann í kjörstjórn í stað Helenu Halldórsdóttur, sem beðist hefur undan störfum í kjörstjórn af persónulegum ástæðum. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að kjósa Þorgerði Sigurjónsdóttur sem varamann í kjörstjórn. Sveitarstjórn þakkar Helenu fyrir vel unnin störf í kjörstjórn á undanförunum árum.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

6. Greinargerðir aðila vegna auglýsingar um framleiðslu skólamáltíða og rekstur veitingastaðar á Hvammstanga. Oddviti og sveitarstjóri kynntu.

Fram lagðar greinargerðir aðila sem svöruðu auglýsingu sveitarstjórnar Húnaþings vestra um framleiðslu skólamáltíða og rekstur veitingastaðar á Hvammstanga. Eftirtaldir aðilar skilufu inn greinargerð:

Blöndubýggð ehf.
Gauksmýri ehf.
María Sigurðardóttir
Hrannar Birkir Haraldsson
Þórhallur Magnús Sverrisson.

Lögð fram eftirfarandi tillaga „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að skipa starfshóp sem hafi það hlutverk að fara yfir framangreindar greinargerðir, ræða við umrædda aðila og skila tillögu til sveitarstjórnar fyrir 13. febrúar nk. um hvaða aðila skuli gengið til samninga við.

Starfshópin skipi; Sveitarstjóri, Stefán Böðvarsson, formaður, Elín Jóna Rósinberg og Elín R. Líndal.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

7. Skýrsla sveitarstjóra

Skúli Þórðarson sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu störfum sínum frá síðasta reglulega fundi sveitarstjórnar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl.14:35

Leó Örn Þorleifsson.

Stefán Einar Böðvarsson.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Anna María Elíasdóttir.

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir.

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Guðrún Ragnarsdóttir,
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs